

Stýrihópur um Velferðarvakt

Skýrsla vinnuhóps um fjármál heimilanna

Vinnuhópurinn skipa: Stella Kristín Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Björn Ragnar Björnsson, efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, Karen Vignisdóttir, hagfræðisviði Seðlabankans, Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Margrét Sæmundsdóttir, viðskiptaráðuneyti, Jóna Björk Guðnadóttir, lögmaður hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gunnhildur Gunnarsdóttir, lögfræðisviði Íbúðalánasjóðs, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri félags-og tryggingamálaráðuneyti, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ og Friðrik Ó. Friðriksson frá Hagsmunasamtökum heimilanna.

Inngangur

Mikilvægt er að horfa á að efnahagur heimilanna ræðst af eignum, tekjum og skuldum og samspili þessara þátta. Í fyrsta hluta þessarar skýrslu er tekið saman stutt yfirlit um þessa þrjá þætti. Hafa þarf í huga að ekki þarf að fara saman mikil skuldsetning og fjárhagsleg vandkvæði fyrir heimili ef greiðslugeta og greiðsluvilji er fyrir hendi. Ljóst er þó að þeir sem eru mjög skuldsettir eru líklegri til að vera í greiðsluvanda og/eða í meiri hættu á að lenda í greiðsluvanda þar sem þeir eru viðkvæmari fyrir breytingum og áföllum s.s. tekjuskerðingu.

Hátt atvinnustig er forsenda þess að vel takist til við úrvinnslu þeirra efnahagslegu erfiðleika sem að þjóðfélaginu steðja, og því er mikilvægt að stjórnvöld íhugi leiðir til að styðja við atvinnusköpun sem og leiðir sem hjálpa atvinnufyrirtækjum í rekstri að vernda störf.

Fyrir vinnu Velferðarvaktar skiptir máli að átta sig á stærð og umfangi þess hóps sem nú þegar glímur við verulegan fjárhagsvanda sem og stærð og umfang þess hóps sem er í hættu á að lenda í vanda.

Í fyrsta kafla skýrslunnar eru settar fram þær upplýsingar sem hópurinn hefur safnað saman og bent á hvaða upplýsingar hópurinn telur vanta til að ná utan um þann hóp sem er í verulegum fjárhagsvanda og þann hóp sem er í áhættu á að lenda í fjárhagsvanda. Til að aðstoða þá sem þegar glíma við verulegan fjárhagsvanda er bent á að sértæk úrræði þurfi til. Mikilvægt er að slík úrræði dragi samt sem áður ekki úr greiðsluvilja fólks. Til að draga úr líkum á því að hópur heimila í fjárhagsvanda stækki er bent á mikilvægi þess að gripið verði til almennra úrræða, t.d. í anda þess sem þegar hefur verið gert með hækkun vaxtabóta. Slíkar aðgerðir geta þó verið vandasamar fyrir stjórnvöld þar sem almennar aðgerðir eru kostnaðarsamar og fjárhagslegt svigrúm stjórnvalda er afar takmarkað.

Í öðrum kafla skýrslunnar er leitast við að ná utan um það sem þegar hefur verið sett af stað með almennum og sértækum úrræðum.

Í þriðja kafla er bent á leiðir sem hægt væri að fara til að aðstoða heimilin og þar með styrkja stöðir efnahagslífsins. Slíkar leiðir / úrræði þyrftu þó að kanna mun betur af sérfræðingum m.t.t. þess hvort þær væru raunhæfar og framkvæmanlegar.

Vinnuhópurinn bendir á nauðsyn þess að fylgjast vel með, greina og rannsaka þróun og afleiðingar þess ástands sem nú ríkir.

Hver er staðan nú, hverjar hafa afleiðingar kreppunnar verið á heimilin og hvaða upplýsingar vantar til að skýr mynd fái?

Skuldir. Skuldsetning heimilanna hefur á síðustu árum vaxið hratt og voru heildarskuldir heimilanna í lok september 2008 tæplega 2.000 milljarðar króna, 1.400 milljarðar í verðtryggðum lánnum og 370 milljarðar í gengistryggðum lánnum. Áætlað er að heimili í landinu séu um 110.000 og eru meðalskuldir hvers heimilis samkvæmt því ríflega 18 milljónir. Í lok árs 2007 skulduðu um 17500 heimili meira en 80% af sínu húsnæði. Sá hópur hefur stækkað og má áætla að stærð hans sé nú um 30 þúsund heimili. (*Heimild: Greining Seðlabanka Íslands, ASÍ og fjármálaráðuneytis*)

Fólk á þrítugs eða fertugsaldri er sérstaklega skuldsett. Jafnframt er þessi hópur með hæstu greiðslubyrðina og flest börn á sínu framfæri. Þessi hópur hefur góðan tíma til að vinna sig út úr skuldum sem er jákvætt, en þetta er líka hópur sem á auðveldast með að velja að flytja af landi brott ef skuldabyrðin verður of þung.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum greiningar starfshóps Seðlabanka Íslands sem byggja m.a. á skuldum vegna húsnæðiskaupa kemur fram að meirihluti heimila í gagnasafninu eða 90% er með húsnæðisskuldir sem eru minni en 30 m.kr. Hins vegar eru tæplega 20% heimila komin í neikvæða eiginfjárstöðu og 22% heimila eru með afar takmarkaða jákvæða eiginfjárstöðu (minna en 5 m.kr.).

Vitað er að stærstur hluti skulda heimilanna eru húsnæðisskuldir þó búast megi við að skuldir vegna bílalána, námslána, yfirdráttar og annarra skammtímaskulda séu einnig háar en vinnuhópurinn mun síðar birta fleiri niðurstöður út frá þessum skuldum.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði eru um 90% af lánnum enn í skilum. Algeng ástæða fyrir erfiðleikum hjá þeim sem leita eftir aðstoð við greiðsluferfiðleikum sínum er talin vera skertar tekjur eða atvinnumissir.

Samkvæmt upplýsingum frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur vandi þeirra sem þangað leita aukist, og ákveðinn hópur fólks sem misst hefur atvinnu sér fram á vandamál. Hjá Ráðgjafarstofunni voru 655 umsóknir afgreiddar á tímabilinu sept. 2008 - mars 2009 samanborið við 322 umsóknir á sama tímabili ári áður.

Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo voru 13.779 fjölskyldur á vanskilaskrá í október 2008 en þar eru skráðar kröfur sem farið hafa í löginneimtu.

Eignir. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru heildareignir heimila án lífeyrissjóða tæplega 3,900 ma.kr. í lok september 2008. Í greiningu SÍ kemur fram að rúmlega 60% heimila eiga húsnæðiseign sem er minni en 30 m.kr. Einnig kemur fram að fjáreignir heimilanna í lok september 2008 námu 1280 milljörðum króna. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að þær eignir hafi rýrnað í bankahruginu felast í slíkum eignum tækifæri fyrir fólk til að létta á skuldum sínum og standa undir greiðslum þrátt fyrir tímabundna tekjuskerðingu. Jafnframt auðvelda peningalegir eignir fólki að takast á við atvinnuleysi, hefja eða styðja atvinnurekstur og taka þátt í því að styðja atvinnulífið með kaupum á vöru og þjónustu. Peningalegar eignir geta hins vegar einnig hjálpað fólki að flytja úr landi.

Ekki kemur fram í þeim gögnum sem hópurinn býr yfir hversu mörg heimili sem glíma við háa skuldsetningu eiga einnig peningalegar eignir til að grípa til, til að tryggja greiðslugetu, en leiða má að því líkum að þau séu færri en fleiri. Ljóst er að greina þarf aðstæður betur til að meta raunverulega greiðslugetu heimilanna.

Tekjur. Í greiningu Seðlabanka Íslands er ekki byggt á upplýsingum um tekjur þar sem erfiðara er að fá gögn um tekjur heimilanna en eignir og skuldir. Starfshópur SÍ er hins vegar að skoða aðferðir til að bæta við tekjugögnum. Búast má við að mörg heimili hafi á undanförunum mánuðum orðið fyrir skerðingu tekna vegna atvinnumissis eða launalækkunar

Samkvæmt upplýsingum ASÍ má búast við að kaupmáttur launa rýrni hraðar en opinberar tölur gera ráð fyrir. Mörg fyrirtæki í landinu reyna nú að draga úr kostnaði og þá ekki síst launakostnaði. Það er gert með því að lækka laun beint, draga úr yfirvinnu og föstum yfirvinnugreiðslum og minnka starfshlutfall. Ekki eru til neinar opinberar tölur um umfang þessara aðgerða.

Ljóst er að hjá þeim tæplega 17 þúsund sem nú glíma við atvinnuleysi er tekjusamdráttur verulegur. Skv. tölum ASÍ kemur fram að stærri hluti tekna heimila en áður fer til kaupa á matvöru og til greiðslu skulda.

Þó grunnfjárhæðir bóta á vegum hins opinbera og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hafi hækkað um síðustu áramót er ljóst að sú hækkun vegur ekki upp hækkun verðlags á sama tímabili. Því er ljóst að dregið hefur úr kaupmætti þessara tekna eins og annarra launatekna.

2) Til hvaða úrræða hefur þegar verið gripið til að koma í veg fyrir alvarlegar/varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins á fjármál heimila.

Víða hefur verið unnið að tillögum til úrbóta en mikilvægt þykir að tekið verði saman heildstætt aðgengilegt yfirlit fyrir heimilin í landinu yfir öll þau úrræði sem gripið hefur verið til eftir efnahagshrunið.

Flest þau úrræði sem gripið hefur verið til eru sértæk og miða að því að hjálpa fólki sem nú þegar glímur við verulegan greiðsluvanda. Minna er um að gripið hafi verið til almennra úrræða þó segja megi að sum úrræði sem gripið hefur verið til séu almenn í þeim skilningi að allir eiga kost á þeim, s.s. greiðslujöfnun og frysting gjaldeyrslána. Fjármálafyrirtæki leitast þó við að beita klæðskerasaumum sértækum lausnum fyrir hvern einstakling ef almenn úrræði duga ekki til aðstoðar.

Lítið hefur komið fram af tillögum eða úrræðum sem hvetja til fjárfestinga í atvinnustarfsemi eða hvetja til kaupa á vörum og þjónustu. Vinnuhópnum er ljóst mikilvægi þess að draga úr einkaneyslu í samfélaginu en varar þó við afleiðingum þess ef sá samdráttur verður of djúpur eða varir of lengi.

Í viðauka má sjá yfirlit yfir þau úrræði sem gripið hefur verið til og önnur gögn sem vinnuhópurinn hefur unnið upp úr og haft til hliðsjónar við gerð þessarar skýrslu.

Tillögur til úrbóta

Mikil umræða átti sér stað í vinnuhópnum um tillögur til úrbóta. Ekki er hægt að búast við að vinnuhópur sem þessi sem kemur víða að úr samfélaginu geti á stuttum tíma komið sér saman um tillögur sem allir í hópnum eru sammála um að séu þær réttu.

Þær tillögur sem helst voru ræddar í hópnum voru; niðurfelling skulda að hluta, afnám eða lækkun verðtryggingar, möguleikann á að afskriftir kröfuhafa á skuldum leiði ekki til skattlagningar skuldara, lögfest verði lög um greiðsluáðlögun skulda, sett verði lög um greiðslujöfnun gjaldeyrslána eða mögulegt verði að endursemyja um gjaldeyrslán,

vaxtabótakerfið verði endurskoðað m.t.t. tekjuviðmiða og endurgreiðslu vaxta og verðbóta og skattkerfið verði nýtt til að hvetja til þess að einstaklingar fjárfesti í atvinnustarfsemi.

Vinnuhópurinn hvetur þó til þess að horft sé heildstætt á úrlausnir og til sé einskonar úrræðakeðja sem miðar að því að:

- a) hjálpa þeim sem eru í mestum vanda
- b) aðstoða þá sem eru í áhættu og eru líklegir til að lenda í vanda
- c) styðja við þá sem enn geta spjarað sig en með einföldum aðgerðum stjórnvalda og lánveitenda geta minnkað greiðslubyrði sína og þannig komist í gegnum þrengingar næstu missera.

Bent er á að starfsreglur fjármálafyrirtækja og annarra lánveitenda skipta máli í þessu sambandi. Það er hlutverk fjármálafyrirtækja að vinna með sínum viðskiptavinum og aðstoða þá við að komast í gegnum þrengingar án þess að til þess komi að stjórnvöld setji um það allt sérstök lög eða reglur.

Leggja þarf áherslu á að fyrirbyggjandi aðgerðir þannig að sá hópur sem nú er í vanda stækki ekki. Benda má á að ef margar fjölskyldur fara í gjaldþrot tapa allir, þ.e. heimilin, fjármálastofnanir, Íbúðalánasjóður og aðrir lánadrottnar.

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að um 90% af fólki á vinnumarkaði hefur atvinnu og stærstur hluti þjóðarinnar er í fullum skilum með sín lán. Þó að kaupmáttur rýrni og greiðslubyrði þyngist mun meirihluti þessara einstaklinga komast í gegnum vandann án aðstoðar svo fremi sem ástandið versnar ekki og að þær aðgerðir sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til, til að mæta tekjuþörf ríkissjóðs, verði ekki til þess að draga óhóflega úr greiðslugetu.

Almennt ítrekar vinnuhópurinn nauðsyn þess að sértækar aðgerðir séu hnitmiðaðar, ekkert sé gert til að draga úr greiðsluvilja fólks eða stuðla að freistnivanda og haldið sé á lofti þeim viðhorfum að mikilvægt sé að greiða af skuldum sínum sé það nokkur kostur, helst að koma á hvata til að fólk greiði skuldbindingar sínar. Varað er við þeim skilaboðum til fólks að betra sé að bíða og ekki borga.

Jafnframt bendir vinnuhópurinn á mikilvægi þess að haft sé að leiðarljósi að fólk geti lifað með greiðslumeðferð, þ.e. að um leið og fólk greiði af skuldum sínum geti flestir haldið húsnæði sínu og lifað mannsæmandi lífi.

Að lokum vill vinnuhópurinn benda á nauðsyn þess hugað verði að vanda þeirra einstaklinga sem eru með eigin rekstur. Í mörgum tilfellum er fólk í persónulegum ábyrgðum fyrir sínum rekstri, ef reksturinn fer í þrot getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir heimili.

Reykjavík 13. mars 2009

f.h. vinnuhóps um fjármál heimilanna
Stella K. Víðisdóttir, formaður